

Hverfisráð Hríseyjar

172. fundur

Mánudaginn 7. október 2024 kl. 20:30 var haldinn 172. fundur hverfisráðs Hríseyjar í Hlein.

Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Kristinn Frímann Árnason.

Fundargerð ritaði Ásrún Ýr Gestsdóttir.

Dagskrá:

1. Staða á framkvæmdaféi

- Búið er að ráðstafa öllu framkvæmdaféi sem hverfisráð hefur aðkomu að með hugmyndum, og fór það m.a í hundasvæði, saunaklefa og hátíðarsvæðið.
- Ánægja er með allar þær framkvæmdir og endurbætur sem hafa verið gerðar í Hrísey að undanfögnu. Má þar nefna miklar endurbætur í Hríseyjarskóla, framkvæmdir í Hlein, við Íþróttamiðstöðina og göngustígagerð um eyjuna.

2. Fundargerðir í One-kerfið

- Samþykkt hefur verið að fundargerðir hverfisráðs verði ritaðar og vistaðar í gegnum fundarkerfið sem Akureyrarbær notar, One-system. Er það gert svo málefni hverfisráðs fái málsnúmer í kerfinu og auðveldara verði að fylgja eftir málum.

3. Staða verkefna

- Farið yfir stöðu þeirra verkefna sem hverfisráð hefur óskað eftir að fari á framkvæmdaáætlun. Hafa sum mál, eins og hafnarsvæðið og Brekkugata, verið ítrekað send til viðeigandi ráða og nefnda án þess að nokkuð gerist. Óskar því hverfisráð, enn og aftur, eftir því að liðir þrjú og sex úr fundargerð 171.fundar hverfisráðs frá 4. júní 2024 verði teknir upp og settir inn á framkvæmdaáætlun. Einnig óskar ráðið eftir fundi með skipulagssviði til fara yfir stöðuna á skipulagi í Hrísey.

4. Malarnáman

- Eins og fram kom á íbúafundi sem haldinn var 24. apríl 2024 mætti mala meira efni í malarnámunni hér í Hrísey. Lítið efni er eftir og kominn tími á að skoða hvernig best og hagkvæmast væri að vinna námuna svo ekki þurfi að flytja efni úr landi.

5. Umferðaröryggi

- Áhyggjur af umferðaröryggi var rætt á íbúafundi sem haldinn var 24. apríl 2024. Skoðunarskylda bíla hefur ekki verið í Hrísey síðan 2021. Telur hverfisráð að með breyttri skoðunarskyldu hafi dregið úr umferðaröryggi í Hrísey. Taka þarf upp skoðunarskyldu aftur sem fyrst. Að lágmarki þarf að flýta þeirri vinnu sem liggur fyrir í aðalskipulagi, að götur í Hrísey verði að vistgötum.

6. Áfangastaðaáætlun

- Ræddar hugmyndir sem eru uppi í Hrísey tengdar ferðaþjónustu.

7. Bæjarstjórnarfundur í Hrísey

- Hverfisráð fagnar því að bæjarstjórnarfundur Akureyrarbæjar verði haldinn 29. október nk. Tilefnið er 20 ára sameiningarafmæli Hríseyjarhrepps og Akureyrarkaupsstaðar.

Fundi slitið 22:18